

en raun bar vitni, að koma inn þeirri hugmynd hjá kaupendum hins umrædda „salad creams“, að það væri framleitt af eiganda vörumerkisins SIRIUS, þ. e. Ölgerðinni Agli Skallagrímssyni, verður þó að telja, að ekki sé með öllu útilokað, að kaupendurnir kynnu að fá þá hugmynd, að Efnagerðin Humall og framleiðsluvörur hennar stæðu í sambandi við vörumerkið SIRIUS og eiganda þess, þar eð vörumerkið SIRIUS var afmáð af umbúðum, sem nefnd efnagerð notaði á jafn ófullkominn hátt og að framan er lýst.

Samkvæmt framansögðu telst ákærði því hafa gerzt brotlegur við 13. gr. laga nr. 43 13. nóvember 1903 um vörumerki, og þykir refsing hans samkvæmt nefndri grein hæfilega ákveðin 500.00 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 5 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Björgvins Sigurðssonar hdl., kr. 350.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Ákærði, Gunnar Ágúst Ingvarsson, greiði 500.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 5 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Björgvins Sigurðssonar hdl., kr. 350.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 20. apríl 1951.

Kærumálið nr. 6/1951.

Magnús Thorlacius

gegn

Borgardómaranum í Reykjavík og þeim Einari Arnalds og Jóni Bjarnasyni persónulega.

Setudómarar Guðmundur Í. Guðmundsson
bæjarfógeti og próf. Ólafur Jóhannesson
í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar og hrd.
Jónatans Hallvarðssonar.

Um rétt málflytjanda til skjals.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 24. marz þ. á., sem hingað barst 3. þ. m., hefur sóknaraðili samkvæmt 2. málsgrein 189. gr. laga nr. 85/1936

kært til Hæstaréttar úrskurð bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðinn 19. marz þ. á., í málinu Rafmagnseftirlit ríkisins gegn Kirkjusandi h/f, þar sem sóknaraðilja var dæmd 300 króna réttarfarssækt í ríkissjóð samkvæmt 188. gr. laga nr. 85/1936.

Krefst sóknaraðili þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði ómerktur, en til vara, að hann verði úr gildi felldur. Þá krefst hann og kærumálskostnaðar úr hendi Jóns Bjarnasonar fulltrúa eða Einars Arnalds borgardómara persónulega eða fyrir hönd ríkissjóðs.

Jón Bjarnason fulltrúi og málflutningsmaður stefnda í héraði, Kirkjusands h/f, hafa sent Hæstarétti greinargerðir í kærumálinu, en hafa ekki uppi neinar dómkröfur.

Skjal það, er sóknaraðili tók í þinghaldi 15. f. m., var yfirmatsgerð, sem gerð hafði verið að beiðni umbjóðanda hans til afnota í framangreindu bæjarþingsmáli, en því máli hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar af hálfu stefnda í héraði. Hinn 6. des. f. á. sendi sóknaraðili málflutningsmanni stefnda m. a. yfirmatsgerðina með fyrirspurn um, hvort hún yrði tekin gild sem staðfest væri. Málflutningsmaður stefnda lýsti því þann 19. s. m., að yfirmatsgerðinni væri mótmælt sem rangri og óstaðfestri. Sóknaraðili óskaði þess þá, að yfirmatsmennirnir kæmu fyrir dóm. Var vitnamálið þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur 1. f. m., og sýndi málflutningsmaður stefnda í héraði, sem enn hafði yfirmatsgerðina í höndum, hana í dómnum til afnota í vitnamálinu. Staðfesti einn yfirmatsmanna matsgerðina í því þinghaldi, annar þann 3. s. m., en sá þriðji er búsettur í Svíþjóð. Á dómþingum í vitnamálinu 10. og 13. f. m. kveðst sóknaraðili hafa beðið málflutningsmann stefnda að afhenda sér yfirmatsgerðina til þess að láta þýða hana á sænsku, en því hafi ekki verið sinnt. Hins vegar hafi sér nokkru síðar borizt eftirrit yfirmatsgerðarinnar, en þar sem það hafi verið sér ófullnægjandi, hafi hann tekið frumritið, þar sem það var í dóminum 15. f. m., að öllum viðstöddum ásjaandi, að því er sóknaraðili telur. Því er hins vegar neitað af hálfu vitnadómara og málflutningsmanns stefnda, að þeir hafi orðið þess varir.

Það verður að teljast ámælisvert, að sóknaraðili tók umrætt skjal með framangreindum hætti á dómþinginu, en þegar

litið er til þess, sem að framan er rakið um rétt sóknaraðilja til skjalsins, sem ekki var eign héraðsdóms, sbr. 43. gr. laga nr. 85/1936, nauðsynjar hans á því að fá það og tregðu málflutningsmanns stefnda um að verða við beiðni sóknaraðilja, þykja ekki efni til að refsa honum fyrir háttsemi þessa. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi, en eftir atvikum þykir rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 19. marz 1951.

Mál þetta, er tekið var til úrskurðar í dag, var þingfest á bæjarþinginu 1. þ. m. af Rafmagnseftirliti ríkisins til öflunar gagna í hæstaréttarmálinu nr. 121/1947, h/f Kirkjusandur gegn Rafmagnseftirliti ríkisins. Hafa í vitnamáli þessu verið yfirheyrðir aðiljar og vitni dagana 1., 3., 10., 13. og 15. þ. m.

Sá háttur hefur verið á, að lögmaður vitnastefnda, G. A. Sveinsson hrl., hefur í byrjun hvers þinghalds afhent dómaramum skjöl og gögn varðandi málið, en dómarrinn fengið lögmanninum skjölin aftur að loknu hverju þinghaldi. Er lokið var þinghaldi hinn 15. þ. m., kom í ljós, er dómarrinn ætlaði að afhenda skjölin, að eitt skjalið, er lögmaður vitnastefnda hafði afhent dómaramum til afnota í þinghaldinu, vantaði. Er dómarrinn spurði, hverju þetta sætti, lýsti lögmaður vitnastefnanda, Magnús Thorlacius, yfir því, að hann hefði tekið skjal þetta. Dómarrinn fór þess samstundis á leit, að lögmaðurinn afhenti skjalið, en því neitaði lögmaðurinn og vék burtu að svo búnu. Næsta dag átti borgardómari símtal við lögmann þenna og krafðist þess, að hann skilaði skjalinu. Við þessari kröfu varð lögmaðurinn ekki.

Með vísan til 188. gr. laga nr. 85 frá 1936 þykir bera að refsa nefndum lögmanni fyrir þessa ósæmilegu háttsemi, og þykir refsingin hæfilega ákveðin 300 króna sekt í ríkissjóð, og komi 4 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 15 daga frá lögbirtingu úrskurðarins.

Jón Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurðinn.

Því úrskurðast:

Magnús hæstaréttarlögmaður Thorlacius greiði 300 króna sekt í ríkissjóð, en sæti 4 daga varðhaldi, verði sektin eigi greidd innan 15 daga frá lögbirtingu úrskurðarins, að viðlagðri aðför að lögum.